

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. apríl 2014

**Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2013-2016. 495. mál.**

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Samtök verslunar og þjónustu og Landssamband íslenskra útvegsmanna senda umhverfis- og samgöngunefnd sameiginlega umsögn um um ofangreinda þingsályktunartillögu. Umrædd tillaga lýsir fyrst og fremst fyrirhuguðum verkefnum árána 2014-2016 sem unnin skulu innan tólf ára samgönguáætlunar 2011-2022.

Samgönguframkvæmdir munu að tveimur þriðju hluta verða fjármagnaðar af mörkuðum tekjustofnum og að þriðjungi með beinu framlagi úr ríkissjóði. Samtals er gert ráð fyrir að verja 68,2 ma.kr. til vegamála á árunum 2014-2016, eða 22,7 ma.kr. að jafnaði á ári. Þrátt fyrir það er ljóst af lestri greinargerðar með tillögunni að allnokkuð fé vantar upp á til að viðhalda núverandi vegakerfi.

Að mati samtakanna eru styrkir innviðir, eins og samgöngur, forsendur öflugs atvinnulífs og blómlegrar byggðar. Öflugar samgöngur til og frá höfuðborginni eru nauðsynlegar atvinnulífi um allt land. Fólk og fyrirtæki um allt land verða að eiga greiðan aðgang að þeirri þjónustu sem veitt er á höfuðborgarsvæðinu, hvort heldur sem er á láði, legi eða lofti. Þá skiptir miklu að stjórnvöld vinni eftir samræmdri heildaráætlun varðandi opinberar fjárfestingar. Auk góðra samgangna byggjast blómlegar byggðir á góðum fjarskiptum, raforkukerfi, mennta- og heilbrigðisþjónustu og ýmissi annarri opinberri þjónustu.

Þegar opinbert fé til samgönguframkvæmda er takmarkað verður að forgangsraða verkefnum þannig að fyrst verði ráðist í þau verkefni sem brýnust eru og skila mestum hagsbótum til þeirra sem njóta.

Samtökin telja styrkingu og endurbætur núverandi vegakerfis vera forgangsmál í ráðstöfun fjármuna til vegamála. Til viðhalds og þjónustu vegakerfisins fara 40,6% af heildarframlagi til vegaáætlunar, eða um 9,2 ma.kr. á ári. Árleg fjárþörf til viðhalds og þjónustu þjóðvega er hins vegar metin um 11 ma.kr. ef horft er til lágmarksáðgerða í styrkingum og endurbótum. Fjárveitingar til viðhalds á bundnu slitlagi nægja nú einungis til endurnýjunar á um 6–7% af flatarmáli á hverju ári og því einungis til endurnýjunar á 12–14 ára fresti, en það er langt umfram endingartíma slitlaganna. Niðurstaða árlegrar ástandsskoðunar sýnir að ástand slitlags hefur versnað undanförunum ári. Hér þarf að ráða bót á. Að öðrum kosti mun vegakerfið drabbast niður.

Annað viðhald vegakerfisins hefur einnig dregist saman. Á undanförunum árum hefur verið endurnýjað malarlitlag á um 9–10% af lengd malarvega árlega. Það samsvarar því að slitlag sé endurnýjað á 10–11 ára fresti. Um 2.100 km af stofn- og tengivegum með bundnu slitlagi uppfylla ekki veggönnunarreglur sem nú er unnið eftir við gerð nýrra vega. Stærsti hluti þessara vega er 6,5 m breiður en ætti samkvæmt núgildandi reglum að vera 8–9 m. Nokkur hluti vegakerfisins er 7,5 m breiður en ætti samkvæmt stöðlum að vera 9–10 m. Þegar gamall vegur er breikkaður er í mörgum tilfellum jafnframt nauðsynlegt að endurbæta burðarlagið til þess að lengja um leið endingartíma þess. Mikil þörf er fyrir endurnýjun á

einbreiðum brúm á þjóðvegum, bæði vegna aldurs og þess að margar þeirra uppfylla ekki kröfur sem nú eru gerðar til umferðaröryggis, sérstaklega vegna breiddar og burðarþols. Hér þarf einnig að ráða bót á.

Til nýframkvæmda fara 43,2% af heildarframlagi, eða um 9,8 ma.kr. á ári. Af þeirri fjárhæð fer þriðjungur í eina framkvæmd, þ.e. Norðfjarðargöng. Miðað við núverandi ástand vegakerfisins og þá fjármuni sem til ráðstöfunar eru skv. samgönguáætlun þá þarf að færa til fé frá nýframkvæmdum til styrkingar og endurbóta á vegum og einbreiðum brúm.

Við ákvörðun nýframkvæmda þarf í ríkari mæli að huga að fjárhagslegri arðsemi framkvæmda og möguleikum þess að kosta arðsamar framkvæmdir af öðru fé en ríkisfé, s.s. sem einkaframkvæmd. Í því sambandi er ástæða til að horfa til framkvæmda við Sundabraut sem mun auðvelda öll viðskipti og samskipti milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands, Vestfjarða og Norðurlands.

Samtökin lýsa miklum áhyggjum vegna aukins kostnaðar og sífelldum hækkunum opinberra gjalda á olíunotkun í samgöngum. Með setningu laga nr. 129/2009 um umhverfis- og auðlindaskatta hefur samkeppnisstaða útflutningsatvinnugreina verið skekkt til muna, en þessi skattheimta hefur komið til viðbótar við aðrar skattahækkanir sem að stjórnvöld hafa ákveðið á síðastliðnum árum.

Það vekur athygli að ekki er í tillögunum gerð grein fyrir heildartekjum ríkissjóðs af samgöngum. Þannig vantar t.d. yfirlit um tekjur vegna virðisaukaskatts og kolefnisgjalds af eldsneyti. Mikilvægt er að slíkt heildaryfirlit liggi fyrir til að unnt sé að meta áhrif samgangna í heild á tekjur og gjöld ríkissjóðs.

Það hljóta að vera mistök við framsetningu samgönguáætlunar 2013-2016 og ekki lýsandi um afstöðu stjórnvalda, að hvergi er getið sérstaklega um verkefni siglingamálaáætlunar, eins og gert er í samgönguáætlun 2011-2022. Siglingar eru ein grunnatvinnugrein samgangna og á samgönguáætlun að bera þess augljós merki. Af einu verkefni tengt siglingum þá hefur starf verkefnisstjórnar um langtímaáætlun í öryggismálum sjómanna skipt miklu máli í að fækka dauðaslysum á sjó á síðastliðnum árum. Því miður hefur starf verkefnisstjórnar fallið niður og er nauðsynlegt að það verði endurvakið og tryggt fjármagn í samgönguáætlun 2013-2016. Starf nefndarinnar hefur legið of lengi niðri, en það eru næg verkefni sem þarf að taka á. Samkvæmt samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir sérstöku framlagi til verkefnisstjórnarinnar, heldur vísað almennt til rekstrar Samgöngustofu undir öryggisáætlunum. Þetta er með öllu óásættanlegt. Í siglingamálaáætlun 2011-2022 var gert ráð fyrir að úthluta 67 mkr. til starfsemi Áætlunar um öryggi sjófarenda á 1. tímabili 2011-2014, 73 m.kr. á 2. tímabili og 82 m.kr. á 3. tímabilinu. Óskað er eftir því að verkefnisstjórnin fái til umráða það fé sem hafði verið tekið frá í siglingamálaáætlun 2011-2022 og það fært í samgönguáætlun 2013-2016.

Virðingarfyllt,




f.h. Samtaka atvinnulífsins



f.h. Samtaka iðnaðarins



f.h. SVP-Samtaka verslunar og þjónustu



f.h. Landssambands ísl. útvegsmanna